veturinn. Þess vegna voru fuglarnir eflaust dreifðari en áður, og héldu sig líklega á svæðum sem ekki var talið á, svo sem viða við vesturströnd landsins.

Fuglar flytja sig gjarnan milli svæða eftir aðstæðum í umhverfinu. Slikir tilflutningar geta m.a. stjórnast af ísalögum, sjólagi og sterkum vindum skömmu fyrir talningu. Þannig var t.d. mikið af vaðfuglum í Brynjudalsvogi í Hvalfirði í þessari talningu vegna þess að þar var enginn is á fjörum. Á Garðskagalös, á flesjum undan Hafurbjarnarstöðum á Miðnesi og við Dranga á Reykjanesi voru menn á veiðum, en skotveiðar geta haft áhrif á dreifingu fugla milli svæða. Þá virtust rauðhöfðaendur og straumendur hafa flutt sig af talningasvæðinu Hafnir - Kalmanstjörn (007) inn á næsta svæði, sem eru Ósar (008A), og jafnvel áfram yfir á Keflavík - Innri-Njarðvík (012), enda hafði verið napur álandsvindur.

### **3.4.2 Einstakar tegundir**

Hverri tegund fylgir stutt umfjöllun um stöðu hennar hér á landi yfir háveturinn, ásamt athugasemdum um útkomu úr talningunni 1989.

1. Lómur *Gavia stellata*. Líklega farfugl að mestu en talið er að 10-15% íslenska lómastofnsins hafi vetursetu við strendur landsins (Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1991). Í litlum mæli á sjó umhverfis land allt, mest við suðvestan- og austanvert landið. -- Í talningunni sáust 49 lómar á 21 talningasvæði. Á fjórum svæðum sáust fimm lómar, tveimur svæðum suðvestanlands (019, 038A), í Reyðarfirði (309B) og á Dalvík (202).
2. Himbrimi *Gavia immer*. Staðfugl að mestu og heldur sig á sjó að vetrarlagi. Himbrimar sjást allt í kringum land en eru mest við suðvestan- og austanvert landið. -- Í talningunni sáust 75 himbrimar, og eru það óvenju margir fuglar. Flestir himbrimar (13) sáust við Keflavík (012).
3. Fýll *Fulmarus glacialis*. Dreifist viða um N-Atlantshaf á veturna og sést umhverfis land allt, einkum útfjarða. Sést í björgum meira eða minna allan veturinn, bæði sunnanlands og norðan. Fjöldi fýla fast við landið er mjög háður tiðarfari. -- Fýlar sáust á 20 talningasvæðum, alls 19430 fuglar. Þar sem fýlar eru margir saman er illmögulegt að koma við talningum og verður því að beita grófum áætlunum. Flestir fýlar að þessu sinni voru við Selvog (004B), austanvert Tjörnes (235) og í Vestmannaeyjum (406M), þar sem fjöldi fugla var áætlaður 5000-6000 á hverju svæði.
4. Súla *Sula bassana*. Að mestu leyti farfugl, en þó sést slæðingur af súlum á veturna við landið, bæði sunnan- og norðanvert. -- Í þessari talningu sáust 10 súlur, fjórar á svæðinu frá Stafnesi að

Sandgerði (009), fjórar í Reyðarfirði (309B) og tvær í Vestmannaeyjum (406M). Æskilegt er að talningamenn aldursgreini allar súlur, en svo virðist sem hér við land séu fyrst og fremst fullorðnar súlur á veturna. Að þessu sinni voru fjórar súlur aldursgreindar og reyndust allar fullorðnar.

5. Dilaskarfur *Phalacrocorax carbo*. Alger staðfugl sem sést á sjó allt umhverfis land. Mest er af dilaskörfum við vestanvert landið. -- Taldir voru 1328 dilaskarfar, sem gæti verið 10-15% af íslenska dilaskarfsstofninum. Flestir voru á þremur svæðum suðvestanlands (015A, 016B, 054A). Þar sáust um 100 dilaskarfar á hverju svæði.

6. Toppskarfur *Phalacrocorax aristotelis*. Alger staðfugl, sem sést einkum á sjó við vesturhelming landsins. Sjaldgæfur við Norður-, Suður- og Austurland. -- Í talningunni sáust 349 topsskarfar, en það er nokkru færra en undanfarin ár. Eins og áður voru flestir á svæðinu Stafnes - Sandgerði (009), en þar sáust 100 topsskarfar. Heildarfjöldi topsskarfa úr talningunni nam aðeins 1-2% af stofninum. Topsskarfar skila sér greinilega mun verr en dilaskarfar.

7. Gráhegri *Ardea cinerea*. Vetrargestur frá Skandinavíu. Strjáll við ferskvatn og sjó. Sést aðallega á sunnanverðu landinu. -- Í talningunni sáust 12 gráhegrar, þar af 10 í Ölfusfjörðum (043), einn á Egilsstöðum (307) og einn við Urriðakotsvatn (040C).

8. Álft *Cygnus cygnus*. Að mestu farfugl, en strjálingur heldur hér til á veturna. -- Í talningunni sáust 446 áltfir, sem er 2-3% af íslenska stofninum. Þær voru langflestir á Reykjavíkurtjörn (017A), 145 fuglar. Þar hefur áltum fjölgætt stöðugt síðustu ár (sjá Ólaf K. Nielsen 1992). Nú er svo komið, að hvergi eru fleiri áltfir samankomnar hérlandis að vetrarlagi. Talsvert var af áltum á sjó við Reykjanes, svo og á fersku vatni í Þingeyjarsýslum. Töluvert færri fuglar sáust árið 1989 miðað við 1987 (854) og nokkuð færri en 1988 (549). Lengi vel fjölgæti áltum sem héldu sig hérlandis að vetrarlagi ár frá ári (Arnþór Garðarsson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1985). Haustið 1989 kann að hafa dregið úr þessari fjölgun, því mikið bar á dauðum áltum norðanlands um haustið og fyrri hluta vetrar (Vilhjálmur Jónasson, munnl. uppl.). Vanalega falla hlutfallslega fleiri álttarungar en fullorðnir fuglar. Hlutfall unga í talningunni 1989 bar þessu vitni, enda aðeins 16% unga 1989 á móti 22% árið á undan (Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1991). Um þriðjungur talinna álfta að þessu sinni, 152 fuglar, var aldursgreindur; 127 (84%) fullorðnar en 25 (16%) ungar. Talningamenn eru hvattir til að aldursgreina allar áltfir sem þeir sjá.

9. Grágæs *Anser anser*. Að langmestu leyti farfugl, nema hvað litill vetrarstofn hefur vaxið upp á höfuðbogarsvæðinu síðustu áratugi. Stöku gæsir hafa veturnsetu annars staðar á landinu, einkum við suðvestanvert landið og í Þingeyjarsýslum, en ekki ávisst. -- Í

talningunni sáust 358 grágæsir, langflestar í Reykjavík og grennd, eða 351 fugl á sex talningasvæðum. Hér er um meirihluta Reykjavíkurstofnsins að ræða (sbr. Ólaf K. Nielsen 1992). Fjórar gæsir sáust við Grindavík (005), ein á andapollinum á Akureyri (208E) og tvær á Daufhyl í Aðaldal (248).

10. Blesgæs *Anser albifrons*. Fargestur sem fer um Ísland vor og haust á leið sinni til og frá varpstöðvum á Grænlandi. Blesgæsir eru sárasjaldgæfar hérlendis að vetrarlagi. -- Á Reykjavíkurtjörn (017A) var ein fullorðin blesgæs. Þetta var í þriðja sinn sem þessi tegund kom fram í jólatalningu.

11. Helsingi *Branta leucopsis*. Eins og blesgæsir fara helsingjar um Ísland vor og haust á leið sinni til og frá varpstöðvum á Norðaustur-Grænlandi. Helsingjar eru mjög sjaldséðir á Íslandi að vetrarlagi. -- Við Litluá í Kelduhverfi (225C) var einn helsingi að þessi sinni. Það er í fyrsta sinn sem helsingi kemur fram í jólatalningu.

12. Stokkond *Anas platyrhynchos*. Staðfugl að mestu. Heldur sig um allt land, bæði á sjó og ferskvatni. -- Taldar voru 6305 stokkendur, flestar á tveimur svæðum á höfuðborgarsvæðinu (015A, 053A). Kyngreindar voru 535 stokkendur, eða 8,5% af heildarfjölda. Af þeim reyndust karlfuglar vera 311 (58%) og kvenfuglar 224 (42%). Miklu færri stokkendur sáust núna en 1987, þegar þær voru 9084, og nokkru færri en 1988, en þá sáust 6549. Þær hafa hugsanlega dreifst viðar 1989 vegna þess hve veturinn var mildur.

13. Urtönd *Anas crecca*. Að mestu farfugl. Slæðingur af urtöndum hefur vetursetu hérlendis, einkum á suðvestanverðu landinu. Mest halda þær sig á fersku vatni en eru einnig í vogum og víkum við ströndina. -- Taldar voru 140 urtendur, flestar í Ölfusfjörðum (043), en þar sáust 68.

14. Grafönd *Anas acuta*. Nánast alger farfugl, en það er hending að finna grafönd hérlendis að vetrarlagi. -- Þrír grafandarsteggir sáust í talningunni, einn í Ósum (008A) og tveir á höfuðborgarsvæðinu (053A, 017A).

15. Rauðhöfðaönd *Anas penelope*. Rauðhöfðaendur eru að mestu leyti farfuglar hérlendis. Talsvert af rauðhöfðaöndum hefur þó vetursetu á landinu suðvestan- og sunnanverðu, bæði á fersku vatni og söltu. -- Í talningunni sáust 492 rauðhöfðaendur, flestar á Skerjafirði (053A), en þar voru 103. Á nokkrum svæðum öðrum á Suðvesturlandi sáust tugir rauðhöfðaanda. Utan Suðvesturlands sáust alls 13 rauðhöfðaendur á fjórum svæðum, Flatey á Breiðafirði (104), í Steingrímsfirði (125), á Litluá í Kelduhverfi (225C) og í Hornafirði (410). Árið 1988 sáust nokkru fleiri rauðhöfðar í talningu, 640 fuglar, að ekki sé miðað við 1987 þegar þeir voru 1448. Haustið 1989 virtist vera mjög litið af rauðhöfðum (og stokkendum) á

Suðvesturlandi (Sólmundur Einarsson, munnl. uppl.). Munurinn gæti legið í verri varpaþkomu sumarið áður. Mikilvægt er að kyn- og aldursgreina eins marga fugla og unnt er til þess að unnt sé að skoða nánar breytingar á milli ára.

16. Gargönd *Anas strepera*. Nánast alger farfugl, en fáeinir fuglar sjást hér að vetrarlagt, einkum á Suðvesturlandi. -- Ein gargönd sást að þessu sinni í Skerjafirði (053A).

17. Skúfönd *Aythya fuligula*. Farfugl að langmestu leyti, en smáhópar sjást yfir vetrarmánuðina á nokkrum stöðum á Suðvesturlandi. Jafnframt halda örfáir fuglar sig á fersku vatni á austanverðu Norðurlandi vetrarlangt. -- Að þessu sinni sást 61 skúfönd, flestar 21 á Elliðavatni (040C) og 15 á Reykjavíkurtjörn (017A).

18. Duggönd *Aythya marila*. Að mestu farfugl, en eins og skúfönd halda smáhópar til á Suðvesturlandi og fáeinir fuglar á austanverðu Norðurlandi. -- Í talningunni sáust 87 duggendur. Að venju voru þær flestar í Ósum (008A), en þar sáust 76. Nið duggendur voru á tveimur svæðum á höfuðborgarsvæðinu (016B, 053A) og tvær á Litluá í Kelduhverfi (225C).

19. Hvinönd *Bucephala clangula*. Árviss vetrargestur á ákveðnum stöðum, einkum á Suðurlandi og í Þingeyjarsýslum. -- Taldar voru 44 hvinendor á sjö talningasvæðum, flestar á Sogi (003) eins og jafnan, en þar sást núna 21 fugl.

20. Húsönd *Bucephala islandica*. Að hluta staðfugl, sem heldur sig á vissum svæðum á Suður- og Norðurlandi á veturna. -- Alls komu fram 386 húsendar í talningunni. Þær voru flestar á Mývatni (220) eða 142. Á Soginu (003) fundust 71 og á Lóni í Kelduhverfi (241) töldust 61. Liðlega 46% af þeim húsöndum sem kyngreindar voru reyndust karlfuglar, eða 75 fuglar af 162.

21. Hávella *Clangula hyemalis*. Að hluta staðfugl, en hingað koma vafalitið stórir hávelluhópar annars staðar frá til vetrardvalar. Heldur til á sjó umhverfis land. allt -- Taldar voru 5881 hávellur. Á nokkrum svæðum við Suðvestur- og Norðurland sáust um og yfir 300 hávellur.

22. Straumönd *Histrionicus histrionicus*. Staðfugl, sem er á sjó allt í kringum land á veturna. -- Taldar voru 1127 straumendur. Eins og undanfarin ár voru flestar við utanvert Tjörnes (234), þar sem voru taldir 335 fuglar. Aðeins voru kyngreindar 50 straumendur og reyndust 28 (56%) vera karlfuglar en 22 (44%) kvenfuglar. Vissir erfiðleikar eru á því að greina sundur kvenfugla og unga karlfugla, og því getur hlutfallið verið nokkuð ónákvæmt.

23. *Æður Somateria mollissima.* Staðfugl á sjó með ströndum umhverfis land allt. -- Enn fleiri æðarfuglar sáust að þessu sinni en metárið 1988. Taldir voru 56858 æðarfuglar, sem er um 16% aukning frá árinu áður, enda var talið á fleiri svæðum í þetta skiptið. Langmest var af æðarfuglum við Sandgerði (009), eða 6110. Á tveimur svæðum norðanlands, á Siglufirði (201) og við utanvert Tjörnes (234), sáust yfir 3000 æðarfuglar og nokkuð viða sáust yfir 2000 fuglar.
24. *Æðarkóngur Somateria spectabilis.* Strjáll gestur frá norðlægari löndum og sést á sjó allt i kringum land. Æðarkóngar eru yfirleitt í sylgd með æðarfuglum. -- Æðarkóngar sáust á tveimur stöðum, einn karlfugl við Arnarnesvog i Garðabæ (016B) og annar undan Voladal á Tjörnesi (234).
25. Gulönd *Mergus merganser.* Staðfugl í öllum landshlutum. Heldur til bæði á sjó og fersku vatni. -- Fram komu í talningunni 185 gulendur. Flestar voru þær á Apavatni og Laugarvatni (042), þar sem sáust 46. Á Mývatni (220) sáust 30 gulendur. Kyngreindar voru 77 gulendur, eða 42% af heildarfjölda. Reyndust 50 (65%) vera karlfuglar og 27 (35%) vera kvenfuglar. Þetta er svipað hlutfall og árið 1988, þegar 61% kyngreindra gulanda reyndust karlfuglar. Viss hætta er á því, að ungir karlfuglar séu rangt greindir sem kvenfuglar, því búningur þeirra er líkur.
26. Toppönd *Mergus serrator.* Að hluta til staðfugl, sem er á sjó með ströndum fram á veturna og sést umhverfis allt land. -- Að þessu sinni voru taldar 684 toppendur. Flestar voru þær við Vatnsleysuströnd (013) og í Selvogi (004B). Kynjahlutföll toppanda virðast enn ójafnari en hjá gulönd, ef marka má úrtak 40 toppanda sem kyngreindar voru í talningunni. Af þeim voru 28 (70%) karlfuglar en 12 (30%) kvenfuglar.
27. Fálki *Falco rusticolus.* Staðfugl, sem verður vart um allt land. -- Fálkar sáust á 28 talningasvæðum, allt að þrír fuglar á svæði, en heildarfjöldinn var 39.
28. Smyrill *Falco columbarius.* Að litlu leyti staðfugl og algengastur á sunnanverðu landinu. Sést einnig í öðrum landshlutum, bæði inn til lands og út við ströndina. -- Smyrlar sáust á 16 talningasvæðum, alls 17 fuglar. Tveir smyrlar voru kyngreindir og reyndust báðir karlfuglar, annar ungar.
29. Rjúpa *Lagopus mutus.* Staðfugl sem sést um allt land. -- Í talningunni sáust 198 rjúpur á 14 talningasvæðum. Þær voru langflestir í Jökulsárhlið (314), þar sem taldar voru 86 rjúpur.
30. Bleshæna *Fulica atra.* Nær árviss flækingur hérlandis. -- Ein bleshæna var á Reykjavíkurtjörn (017A).

31. Tjaldur *Haematopus ostralegus*. Að hluta staðfugl sem heldur sig í fjörum, einkum við Vestur-, Suður- og Suðausturland. -- Alls sáust 1665 tjaldar. Langflestir þeirra voru í Hvalfírði (025), en þar sáust 763 fuglar.
32. Fjöruspói *Numenius arquata*. Sjaldgæfur vetrargestur, sem er einkum að finna í fjörum suðvestanlands og í Hornafírði. -- Fjöruspóar sáust óvenju viða. Alls 48 fuglar dreifðust á átta talningasvæði á Suðvestur- og Suðausturlandi.
33. Stelkur *Tringa totanus*. Aðeins litill hluti íslenska varpstofnsins hefur hér vetursetu, einkum í fjörum á Suðvesturlandi. -- Taldir voru 372 stelkar, langflestir á Suðvesturlandi. Um fjórðungur stelkanna sást í Hafnarfírði og á Álfanesi (015A).
34. Tildra *Arenaria interpres*. Vetrargestur í fjörum á Vestur-, Suður- og Suðausturlandi. -- Tildrur voru heldur færri en undanfarin ár, eða 1574. Þær voru, eins og tvö fyrri ár, flestar við Sandgerði (009). Þar sáust nú 350 fuglar.
35. Hrossagaukur *Gallinago gallinago*. Að mjög litlu leyti staðfugl en sést árlega að vetrarlagi, aðallega við opíð vatn inn til landsins eða í fjörum. -- Óvenju margir hrossagaukar sáust í þessari talningu, eða 28. Þeir komu fram á 14 talningasvæðum, einn til fimm á svæði.
36. Dvergsnípa *Lymnocryptes minimus*. Flækingsfugl hér á landi sem dvelur oft vetrarlangt. -- Ein dvergsnípa sást við Keldur (021).
37. Skógarsnípa *Scolopax rusticola*. Árviss flækingur hérlendis. -- Skógarsnípa sást í Skaftafelli (409B).
38. Rauðbrystingur *Calidris canutus*. Fargestur, en örfáir fuglar sjást hérlendis á hverjum vetri, einkum í Hafnarfírði. -- Sjö rauðbrystingar sáust á svæðunum við Hafnarfjörð (014, 015A).
39. Sendlingur *Calidris maritima*. Staðfugl, en hingað koma líklega einnig erlendir fuglar. Langalgengasta tegund vaðfugla sem sést hér í fjörum að vetrarlagi. -- Alls sást 7981 sendlingur, og voru flestir þeirra við Sandgerði (009), eða 1000. Viða um land voru hundruð sendlinga á talningarsvæði.
40. Stormmáfur *Larus canus*. Að litlum hluta staðfugl, sem sést helst við Suðvesturland og Norðurland. -- Tíu stormmáfar sáust í Sandgerði (009), einn við Geldinganes (021), tveir við Blönduós (124) og einn við Silalæk í Aðaldal (221B).
41. Silfurmáfur *Larus argentatus*. Að mestu leyti staðfugl, sem heldur sig með ströndum umhverfis land allt. Mest er af silfurmáfum við austur- og norðurströndina en þeir sjást lítið við Vestfirði. --

Taldir voru 7059 silfurmáfar. Um 73% þeirra sáust við Eskifjörð og Reyðarfjörð (309B, 309C, 309D, 309E, 309F). Á þessum slóðum hafa löngum haldið sig flestir silfurmáfar.

42. Svarbakur *Larus marinus*. Að mestu leyti staðfugl sem heldur sig með ströndum fram umhverfis allt land. -- Svarbakar voru heldur fleiri en silfurmáfar, eða 7834. Þeir voru flestir í nágrenni öskuhauganna í Gufunesi í Reykjavík (021), alls 1750, en einnig voru mjög margir við Eskifjörð (309C).

43. Hvítmáfur *Larus hyperboreus*. Að mestu staðfugl meðfram ströndum allt í kringum land. Þeir eru samt algengastir við vestanvert landið. -- Talningamenn greindu samtals 6366 hvítmáfa, en líklega var verulegur hluti af ógreindum máfum af þessari tegund. Flestir voru þeir 934 við Álftanes (016B), en viða á suðvesturhorninu voru hundruð hvítmáfa á talningasvæði.

44. Bjartmáfur *Larus glaucoides*. Algengur vetrargestur frá norðlægari löndum, sem heldur sig á og við sjó allt í kringum land. -- Taldir voru 1365 bjartmáfar. Fjöldinn var hvergi mjög mikill. Á nokkrum svæðum á vestan- og norðanverðu landinu sáust 100 til 200 fuglar. Bjartmáfar voru mun dreifðari en fyrrum, en þeirrar breytingar fór fyrst að gæta í talningunni 1987 (Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989, 1991).

45. Hettumáfur *Larus ridibundus*. Að hluta staðfugl. Sést mest við Suðvesturland og á Norðurlandi. -- Fram komu 1227 hettumáfar í talningunni, langflestir við Seltjarnarnes (019), þar sem voru 400 fuglar.

46. Rita *Rissa tridactyla*. Dreifist viða um N-Atlantshaf á veturna og sést allt umhverfis land. Fjöldi rita við land þar sem jólatalningarára fram er breytilegur. Virðist veður ráða þar miklu. -- Óvenju margar ritur sáust að þessu sinni, alls 1376, en þar af voru 1200 (87%) við Kvísker í Öræfum (402C).

47. Haftyrðill *Alle alle*. Vetrargestur frá norðlægum slóðum. Sjófugl sem er algengastur við Norður- og Austurland. -- Allnokkuð sást af haftyrðum við austanvert landið, flestir 84 á einu svæði, í Reyðarfirði (309B). Fáeinir haftyrðlar sáust við Suðvestur- og Norðurland, en heildarfjöldinn var 137. Þeir voru miklu fleiri að þessu sinni en 1987 (6) eða 1988 (5). Ástæðan er líklega veðurlag dagana fyrir talningu. Þannig var t.d. mikið óveður á aðfangadag sem hefur eflaust drifið haftyrðla nær ströndu en vanalegt er. Dagana þar á eftir fundust líka haftyrðlar dauðir í fjörum og inn til lands.

48. Álka *Alca torda*. Tegund sem flakkar viða um N-Atlantshaf á veturna. Sést á sjó umhverfis land allt. Fjöldi álka er mjög breytilegur upp við landið. -- Taldar voru 86 álkur, sem er álika margar og

haftyrdlarnir. Langflestar sáust á Reyðarfirði (309B), en þar voru 49 þeirra.

49. Stuttnefja *Uria lomvia*. Sést allt umhverfis land en í mjög litlum mæli. Heldur sig mest langt úti á hafi. -- Stakar stuttnefsjur sáust í Hafnarfjarðarhöfn (015A) og á Steingrimsfirði (123). Ein fannst deyjandi við Voladalstorfu á Tjörnesi (234).

50. Langvíja *Uria aalge*. Heldur einkum til á rúmsjó umhverfis landið, en fuglarnir sjást í mismiklum mæli meðfram ströndum. Langvíja sést yfirleitt nær ströndinni en stuttnefja. -- Taldar voru 74 langvíur, flestar við austanvert Tjörnes (235), þar sem sást 31 fugl.

51. Teista *Cephus grylle*. Að mestu staðfugl sem sést allt umhverfis land. -- Fjöldi teista að þessu sinni var 319. Við Keflavík og Njarðvík (012) sáust 50 teistur. Annars staðar voru færri fuglar.

52. Húsdúfa *Columba livia "domestica"*. Innflutt tegund sem lifir aðallega hálfvillt við mannabústaði. Dúfur hafa orpið á nokkrum stöðum utan þéttbýlis á Austfjörðum, eins og um villta fugla sé að ræða. -- Taldar voru 249 húsdúfur, 28 á Selfossi (055), átta í Sandgerði (009), 160 á höfuðborgarsvæðinu (015A, 017A, 040C, 020), 50 á Siglufirði (237) og þrjár í Suðursveit (410).

53. Brandugla *Astro flammeus*. Að langmestu leyti farfugl en sést þó í einhverjum mæli á veturna. -- Ein brandugla sást við Varmahlíð (126) og önnur við Laugaból í Reykjadal (239A).

54. Þúfutittlingur *Anthus pratensis*. Alger farfugl, en stundum verður vart við einstaka eftirlegukindur. -- Einn þúfutittlingur sást í Ölfusfórum (043) og annar á Garðskaga (010).

55. Silkitoppa *Bombycilla garrulus*. Flækingsfugl sem á það til að flakka í hópum út fyrir vanaleg vetrarheimkynni. Þá koma silkitoppur stundum til Íslands. -- Fjórar silkitoppur sáust við Skóga undir Eyjafjöllum (405).

56. Músarrindill *Troglodytes troglodytes*. Staðfugl sem sést viða um land að vetrarlagi, bæði við ströndina og í lágsveitum. -- Músarrindlar sáust á 20 svæðum, alls 39 fuglar, frá einum og upp í sex fugla á svæði.

57. Glóbrystingur *Erithacus rubecula*. Árviss flækkingur frá Evrópu, og stundum hafa fuglarnir veturnsetu hér. -- Stakir glóbrystingar voru að Laugum í Reykjadal (239A) og á Húsavík (232B).

58. Svartþróstur *Turdus merula*. Vetrargestur frá Evrópu sem sést viða í görðum og við sveitabýli um land allt. -- Alls sáust 12

svartþrestir á níu svæðum. Ókyngreindir fuglar voru 7, en af kyngreindum fuglum voru fjórir karlfuglar og einn kvenfugl.

59. Gráþróstur *Turdus pilaris*. Vetrargestur frá Evrópu, og sést um land allt. -- Á 16 svæðum sáust alls 45 gráþrestir. Líkt og tvö undanfarin ár voru flestir við Húsavík (232B), en þar sáust nú 15 fuglar.

60. Skógarþróstur *Turdus iliacus*. Að hluta staðfugl, sem er algengastur við sunnanvert landið, svo og í þéttbýli á Norðurlandi. -- Fjöldi skógarþrasta var svipaður og síðastliðin ár, 288 fuglar. Munar þar mest um 85 fugla á Selfossi (055), 40 í Hveragerði (018B) og 40 að Skógum undir Eyjafjöllum (405).

61. Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis*. Að mestu staðfugl. Langalgengasta spörfuglstegundin hér á veturna og sést um allt land. -- Snjótittlingar voru færri en tvö undanfarin ár. Þeir voru nú 9640, flestir 1100 í Steingrímsfirði (128). Fjöldi snjótittlinga sem kemur fram í jólatalningum er griðarlega misjafn eftir árum. Þar skiptir mestu hvernig snjóalögum er háttar. Fuglarnir flykkjast að mannabústöðum þegar jarðbönn eru en dreifast svo um allar jarðir, þegar snjóalög eru litil.

62. Auðnutittlingur *Carduelis flammea*. Staðfugl sem sést um allt land, einkum á þeim slóðum þar sem er birkikjarr eða skógrækt. -- Samtals sáust 397 auðnutittlingar í talningunni, en það er ívið færra en árið 1988, þegar sáust 434 fuglar. Þeir voru flestir við Varinahlið í Skagafirði (126) og Skaftafell í Öræfum (409B), en um hundrað fuglar sáust á hvoru svæði.

63. Stari *Sturnus vulgaris*. Staðfugl, en einnig koma hingað vetrargestir erlendis frá. Sést endrum og eins um land allt, en starar halda sig hvergi að staðaldri nema á Suðvestur-, Suður- og Suðausturlandi. -- Starar voru nú samtals 2073, en það er metfjöldi í jólatalningu. Flestir þeirra voru á höfuðborgarsvæðinu, en einnig voru margir á Reykjanesi (009, 010, 012, 013) og Selfossi (055).

64. Hrafni *Corvus corax*. Staðfugl sem sést um allt land. -- Mikil bar á hröfnum í öllum landshlutum. Heildarfjöldi þeirra var 1222, sem er dágóður hluti af íslenska hrafnastofnínnum (sbr. Kristin H. Skarphéðinsson o.fl. 1992). Þeir voru langflestir við Eskifjörð (309C) eða 345 talsins.

### 3.4.3 Ógreindir fuglar

Um 2,7% (4058) fuglanna sem sást í talningunni urðu ekki greindir til tegundar. Eins og áður voru það einkum stórir máfar og skarfar sem vöfðust fyrir mönnum.

Brúsar. Einn brúsa náðist ekki að greina til tegundar.

Goðar. Einn goði sást í Hvallirði og var talinn sefgoði *Podiceps grisegena*. Dómnefnd um flæküngsfugla taldi greininguna þó ekki fyllilega örugga svo fuglinn telst vera ógreindur goði (sbr. Gunnlaug Pétursson o.fl. 1992).

Skarfar. Tæp 12% af þeim skörfum sem sáust urðu ekki greindir til tegundar, eða 220 af 1897.

Buslendur. Í Ölfusforum (043) sáust 20 buslendur sem ekki tókst að greina til tegundar.

Húsönd/hvinönd *Bucephala* tegund. Ekki tókst að greina tvær *Bucephala* endur á Soginu (003).

Aðrar endur. Tvær endur til viðbótar ofansögðum tókst ekki að greina til tegundar.

Vaðfuglar. Við Hafnir (007) sást lítill vaðfugl sem e.t.v. var lóuþræll. Á Garðskaga (010) sáust 40 vaðfuglar sem ekki tókst að nafngreina.

Stórir máfar. Ekki tókst að greina 3735 (14%) af þeim 26359 stóru máfum sem sáust.

Litlir máfar. Í Selvogi sáust 30 litlir máfar sem annað hvort voru stormmáfar eða hettumáfar. Að auki sást einn lítill máfur við Garðskaga (010) sem ekki tókst að greina.

Svartfuglar. Sex svartfugla tókst ekki að greina til tegundar.

#### **4 LEIÐRÉTTINGAR VIÐ SKÝRSLUR 1987 OG 1988**

##### **1987:**

**HVALFJÖRDUR:** Saurbær á Kjalarsnesi - Hvítanes (bls. 14-15): Svæðið var sagt vera númer 025, en það á að vera 025B, því svæði 025 nær frá Saurbæ á Kjalarsnesi að Miðsandi.

**AKUREYRI:** Krossanesbryggja - Glerárós (bls. 16-17): Svæðið var sagt númer 207 en á að vera 207A.

**PORVALDSSTADIR** (bls. 20): Talningasvæði 302 og 303 voru staðsett á röngum stöðum á kortinu, voru sett í Þistilfjörð en eiga auðvitað að vera í Bakkaflóa.

**1988:**

HVALFJÖRDUR: Saurbær á Kjalarnesi - Hvítanes (bls. 14-15): Svæðið var sagt númer 025, en það á að vera 025B.

AKUREYRI: Krossanesbryggja - Skjaldarvíkurheimili (bls. 16-17): Svæðið var ranglega númerað 206A, en það átti að vera 206.

AKUREYRI: Krossanesbryggja - Glerárós (bls. 16-17): Svæðið var sagt númer 207 en á að vera 207A.

**HEIMILDIR**

Arnþór Garðarsson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1985. Veturseta álfstar á Íslandi. Bliki 4: 45-56.

Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Práinsson & Erling Ólafsson 1992. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1989. Bliki 11: 31-63.

Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Skarphéðinn Pórisson & Ib K. Petersen 1992. Varpútbreiðsla og fjöldi hrafna á Íslandi. Bliki 11: 1-16.

Ólafur K. Nielsen 1992. Tjarnarfuglar. Bls. 92-153 í Tjörnin. Saga og lífriki. Reykjavíkurborg. 197 bls.

Sjómælingar Íslands 1988. Sjávarföll við Ísland árið 1989. 36. árg. 17 bls.

Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989. Vetrarfuglatalningar: Skipulag og árangur 1987. Fjölrít Náttúrufræðistofnunar 11. 42 bls.

Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1991. Vetrarfuglatalningar: Skipulag og árangur 1988. Fjölrít Náttúrufræðistofnunar 18. 38 bls.

**SUMMARY****The Icelandic Christmas Bird Count: Results for 1989**

by Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson

The 1989 annual Christmas Bird Count took place on 30 December, the 38th such count which is organized by the Icelandic Museum of Natural History.

The basic results from the count are presented in ten tables (Tabs 1-10). The page opposite each table corresponds to that table, and contains a regional map showing the location of census areas, the respective area codes, locality names, and the observers. About a fifth of the areas were counted on other days than the 30th. If so, the date is mentioned.

This time 101 routes were covered, 15 more than the record number in the 1988 Christmas Bird Count (cf. Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1991).

The number of species recorded was 64, seven less than the 1988 record of 71. On the other hand the number of birds involved was a record high, or 150141. Anatids accounted for 73086 birds (49% of the total) of 19 species, waders 11718 (8%) of 9 species, gulls 29007 (19%) of 7 species, passerines 13724 (9%) of 11 species, while the residual species of 19 made up 22606 (15%). The proportions between groups were quite different from 1987 and 1988. This was especially due to the large numbers of Fulmars *Fulmarus glacialis*, boosting the proportion of the residual species group. The proportion of anatids was also higher than before, especially due to a large increase in Eiders *Somateria mollissima*. About 2,7% of all the birds were not identified, principally gulls and Cormorants/Shags.

The Eider was, as usual, the single most common species by far, with 56858 birds, constituting 38% of the total, followed by the Fulmar, with 19430 (13%), then Snow Bunting *Plectrophenax nivalis* with 9640 (6%), Purple Sandpiper *Calidris maritima* with 7981 (5%), Great Black-backed Gull *Larus marinus* with 11594 birds (5%) and Herring Gull *Larus argentatus* with 7059 (5%) birds.

The combined total number of birds of each species, is compiled in Tab. 11. Only the Icelandic species names are used for Tabs 1-10. Non-Icelandic readers, who wish to make use of the data, can do so by referring to Tab. 11 (p. 29) where the scientific names are given with the Icelandic ones. Short accounts are given of the 1989 data and the general mid-winter status of each species.

Earlier reports cover the years 1972-1978 (Náttúrufræðistofnun Íslands [1973a]-1979) and 1987-1988 (Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989, 1991). They can be obtained from the Museum, as well as general papers dealing with Christmas Bird Counts in Iceland (see p. 42).

## **ELDRI YFIRLIT OG GREINAR UM JÓLATALNINGAR**

Hér er birtur listi yfir öll fyrri yfirlit um jólatalningar, svo og greinar sem fjalla um þessar talningar. Þeir sem óska geta fengið send þessar skýrslur og greinar.

### **Talningayfirlit**

#### *Talning 1972:*

- Náttúrufræðistofnun Íslands [1973a]. Fuglatalning 26.12.1972. Suðvesturland. Fjölrít. 5 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1973b]. Fuglatalning 26.12.1972. Stöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrít. 7 bls.

#### *Talning 1973:*

- Náttúrufræðistofnun Íslands [1974a]. Fuglatalning 30.12.1973. Suðvesturland. Fjölrít. 4 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1974b]. Fuglatalning 30.12.1973. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrít. 4 bls.

#### *Talning 1974:*

- Náttúrufræðistofnun Íslands [1975a]. Fuglatalning 29.12.1974. Suðvesturland. Fjölrít. 4 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1975b]. Fuglatalning 29.12.1974. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrít. 4 bls.

#### *Talning 1975:*

- Náttúrufræðistofnun Íslands [1976]. Fuglatalning 28.12.1975. Suðvesturland. Fjölrít. 4 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978a. Fuglatalning 28.12.1975. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrít. 5 bls.

#### *Talning 1976:*

- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978b. Fuglatalning 26.12.1976. Suðvesturland. Fjölrít. 6 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978c. Fuglatalning 26.12.1976. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrít. 5 bls.

#### *Talning 1977:*

- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978d. Fuglatalning 26.12.1977. Suðvesturland. Fjölrít. 5 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978e. Fuglatalning 26.12.1977. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrít. 5 bls.

#### *Talning 1978:*

- Náttúrufræðistofnun Íslands 1979. Fuglatalning 26.12.1978. Suðvesturland. Fjölrít. 4 bls.

*Talning 1987:*

-Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989. Vetrarfuglatalningar: Skipulag og árangur 1987. Fjöldit Náttúrufræðistofnunar 11. 42 bls.

*Talning 1988:*

-Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1991. Vetrarfuglatalningar: Skipulag og árangur 1988. Fjöldit Náttúrufræðistofnunar 18. 38 bls.

**Almennar greinar**

-Moe, M.L. 1957. Iceland's first Christmas Count. The Atlantic Naturalist 12(3): 89-91. [Íslensk þýðing í Blika (1983) 2: 60-62].

-Ævar Petersen 1982. Fuglatalningar að vetrarlagi: Saga og árangur. Bliki 2: 28-42.



## FJÖLRIT NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR

1. Bergþór Jóhannsson 1985. Tillögur um nöfn á íslenskar mosaættkvíslir. 35 s.
2. Jóhann G. Guðnason 1985. Dagbók um Heklugosið 1947-1948. 31 s.
3. Oddur Erlendsson 1986. Dagskrá um Heklugosið 1845-6 og afleiðingar þess. 49 s.
4. Haukur Jóhannesson 1987. Heimildir um Grímsvatnagosin 1902-1910. 40 s.
5. Erling Ólafsson 1988. Könnun á smádýrum í Hvannalindum, Fagradal og Grágæsadal. 86 s.
6. Ævar Petersen 1988. Leiðbeiningar við fuglamerkingar. 16 s.
7. Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson 1988. Aldur Illahrauns við Svartsengi. 11 s.
8. Sigmundur Einarsson og Haukur Jóhannesson 1989. Aldur Arnarseturshrauns á Reykjanesskaga. 15 s.
9. Haukur Jóhannesson 1989. Aldur Hallmundarhrauns í Borgarfirði. 12 s.
10. Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir undasíflar. 262 s.
11. Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1989. Vetrarfuglatalningar: Skipulag og árangur 1987. 42 s.
12. Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir mosar. Barnamosaætt. 94 s.
13. Bergþór Jóhannsson 1990. Íslenskir mosar. Sótmosaætt og haddmosaætt. 71 s.
14. Erling Ólafsson 1990. Ritverk um íslensk skordýr og aðra hópa landliðdýra. 34 s.
15. Bergþór Jóhannsson 1990. Íslenskir mosar. Slæðumosaætt, bólmosaætt, taðmosaætt og hettumosaætt. 80 s.
16. Bergþór Jóhannsson 1990. Íslenskir mosar. Krónumosaætt, næfurmosaætt, tæfilmosaætt, brámosaætt, skoitmosaætt og hnotmosaætt. 44 s.
17. Erling Ólafsson 1991. Íslenskt skordýratal. 69 s.
18. Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1991. Vetrarfuglatalningar: Árangur 1988. 38 s.
19. Bergþór Jóhannsson 1991. Íslenskir mosar. Brúskmosaætt. 119 s.
20. Bergþór Jóhannsson 1992. Íslenskir mosar. Vendilmosaætt, sverðmosaætt, jöðurmosaætt og bikarmosaætt. 78 s.
21. Bergþór Jóhannsson 1992. Íslenskir mosar. Grýtumosaætt. 122 s.
22. Bergþór Jóhannsson 1992. Íslenskir mosar. Klukkumosaætt, dægurmosaætt og fleira. 47 s.
23. Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1993. Vetrarfuglatalningar: Árangur 1989. 43 s.